

**Nr. 010 / 12 Júpíter ÞH 363*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2643  
Smíðaður: Noregi 1978, stál  
Stærð: 821 brl. 1201 bt.  
Mesta lengd: 68,43 m Skráð lengd: 61,97 m  
Breidd: 10,8 m Dýpt: 7,7 m  
Vél: M.A.K 2206 kW, 1997  
Fjöldi skipverja: 11



Júpíter©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Lögregluskýrslur  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. janúar 2012 var Júpíter ÞH 363 á loðnuveiðum með flotvörpu á Austfjarðarmiðum. Veður: SA 5-8 m/sek.

Vélstjóri var að vinna í lóðréttum stálstiga við flúrljós í vélarreisn ofan við aðalvél þegar hann rann til og féll um sex metra niður á vélina með þeim afleiðingum að hann fór m.a. úr axlarlið. Siglt var með slasaða til hafnar á Neskaupstað þar sem honum var komið á sjúkrahús.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði hafði staðið á loftstokk hátt uppi í vélarreisninni og var búinn að festa botnstykki ljósersins. Til að koma fyrir og festa innviðum þurfti hann að fara hærra upp í stigan svo hann sæi til verksins inn í því;
- að ljóskerið var fest á vegginn um einum metra frá stiganum svo slasaði stóð í vinstri fótinn hægra megin í þrepi stigans og hélt sér í hann með vinstri hendi. Þegar slasaði teygði sig út frá stiganum til að koma búnaðinum fyrir í ljóskerinu fann hann að fóturinn rann aðeins til og féll niður á vélina;
- að slasaði taldi að olíusót hafi komið undir skósólana þegar hann gekk um efstu palla í vélarreisninni en það sé algengt að það þurfi að þrifa þá þegar farið er þar um. Reglulega þarf að fara upp þennan stiga til að lesa af mæliglösum á hæðartönkum;
- að slasaði sagði að öryggisbelti væri til í skipinu en þau ekki notuð í þetta skiptið.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins má rekja til þess að fyllsta öryggis var ekki gætt.

Þegar unnið er í mikilli hæð og ekki síst í lóðréttum stigum á alltaf að nota öryggisbelti.